Umhverfisráðuneytið

**Kynning á frumvarpi**

**til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda.**

Kristín Linda Árnadóttir, umhverfisráðuneyti
Hugi Ólafsson, umhverfisráðuneyti

28.4.2006 1

**Meginefni**

- •Bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda
- •Uppsetning á skráningarkerfi
- •Upplýsingarskylda fyrirtækja sem losa meira en 30.000 tonn af ígildum koldíoxíðs

28.4.2006 2

**Bakgrunnur**

- •Frumvarpið byggir á tillögum nefndar sem í áttu sæti fulltrúar úr umhverfisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Haft var samráð við hagsmunaaðila.
- •Nefndinni bar að semja drög að frumvarpi um takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda.
- •Frumvarpið kveður á um þau stjórntæki sem stjórnvöld þurfa til að geta staðið við skuldbindingar Kýótó-bókunarinnar. Það hefur ekki að geyma tillögur um beinar aðgerðir til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Nefndin mun starfa áfram og skoða þörf á lagasetningu um mögulegar slíkar aðgerðir, í viðbót við þær sem tilteknar eru í loftslagsstefnu stjórnvalda.

28.4.2006 3

## Markmið og gildissvið

- Markmiðið er að skapa skilyrði til þess að Ísland geti staðið við skuldbindingar okkar skv. loftslagssamningnum og sérstaklega Kýótó- bókuninni
- Gilda um skráningu og upplýsingaskyldu vegna losunar gróðurhúsaloftegunda á landi og í mengunarlögsögu og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi

28.4.2006 4

## Bókhald um losun gróðurhúsaloftegunda




28.4.2006 5

## Bókhald um losun gróðurhúsaloftegunda

- Umhverfisstofnun útbýr leiðbeiningar um skil á gögnum til sín í samráði við Landbúnaðarháskóla Íslands og Orkustofnun.
- Mikilvægt að bókhaldið sé sett í fastari skorður. Er það í samræmi við ábendingar frá úttektarnefnd á vegum skrifstofu loftslagssamningsins.
- Upplýsingum er skilað árlega til samningsins.
- Stöðugt verið að endurbæta skil á upplýsingum og bæta reikniaðferðir.

28.4.2006 6

**Bókhald um losun gróðurhúsaloftegunda**

•Umhverfisstofnun ber ábyrgð á bókhaldinu, en fær nauðsynlegar upplýsingar frá Landbúnaðarháskólanum, Orkustofnun, Hagstofu og fyrirtækjum sem losa meira en 30.000 tonn af ígildum koldíoxíðs, auk upplýsinga sem liggja fyrir hjá stofnuninni.

•Nauðsynlegt að það sé einn aðili sem ber ábyrgð á útreikningum í samræmi við kröfur loftslagssamningsins.

28.4.2006 7

**Skráningarkerfi**

•Skráningarkerfið vistað hjá Umhverfisstofnun.

•Nú standa yfir samningarviðræður um kaup á hugbúnaði fyrir skráningarkerfi frá DEFRA, bresku umhverfisstofnuninni

•Er byggt upp eins og banki.

•Nánari útfærsla verður að finna í reglugerð.

28.4.2006 8

**Upplýsingaskylda**

•Einungis fyrirtæki sem hafa heimild til að losa meira en 30.000 tonnum af ígildum koldíoxíðs skv. starfsleyfi.

•Gert ráð fyrir að nánari útfærslu sé að finna í reglugerð um hvaða upplýsingum um losun skuli skilað, hvenær og í hvaða formi. Einnig heimildir Umhverfisstofnunar til að gera kröfu um staðfestingu áreiðanleika veittra upplýsinga.

•Sett skal gjaldskrá vegna yfirferðar yfir upplýsingar.

•Dagsektir ef aðili sinnir ekki upplýsingaskyldu.

28.4.2006 9

**Upplýsingaskylda**

- Það hefur verið gagnrýnt að þessi fyrirtæki sem lenda hér undir skila nú þegar upplýsingum til stjómvalda skv. öðrum reglugerðum og því séu þessar kröfur óþarfar. Ekki um þó um sömu upplýsingar að ræða auk þess sem ekki er heimild til að fara yfir þær upplýsingar sem berast.
- 30.000 tonn af ígildum koldíoxíðs, hækkað frá upphaflegu frumvarpi þar sem fyrst og fremst er mikilvægt að fá nákvæmar upplýsingar frá stóriðju, en ekki er talið nauðsynlegt að setja íþyngjandi kröfur á fiskimjölsbræðslur.

28.4.2006 10